

## REGLUGERÐ

### um námsstyrki úr Fræðslusjóði brunamála.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður brunamála.

#### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkvistarfa.

Í þeim tilgangi skal sjóðurinn veita styrki til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, rannsókna og þróunarstarfa vegna brunavarna.

#### 3. gr.

Sjóðurinn greiðir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarstyrki, styrki vegna námskeiða, aukaþóknun fyrir umfangsmikil verkefni, laun á námsleyfistíma og veitir styrki til umsækjenda vegna endurmenntunar.

Fræðslusjóðnum er heimilt að standa fyrir námskeiðum vegna framhalds- og endurmenntunar í brunavörnum.

#### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Framlag í samræmi við fjárlög hverju sinni.
- b. Vaxtatekjur og verðbætur.
- c. Aðrar tekjur.

#### 5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu veittir á grundvelli umsókna. Brunamálastofnun annast útlutun styrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum í a.m.k. einu dagblaði sem kemur út á landsvísu.

#### 6. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðendum eða ríkisendurskoðun.

#### 7. gr.

Árlega skal Brunamálastofnun gera skýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjárhag sjóðsins og starfsemi síðastliðið reikningsár. Skal skýrsla þessi vera aðgengileg á heimasíðu Brunamálastofnunar.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 138/1993 um Fræðslusjóð brunamála með síðari breytingum.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 21. mars 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*